

## Um Alejandrinu Gutiérrez

Rithöfundurinn Alejandrina Gutiérrez fæddist árið 1948 í Managva, Níkaragva. Hún bjó um tíma í Venesúela en fluttist til Kosta Ríka á unglingsárum og lagði stund á viðskiptafræði við Háskóla Kosta Ríku (Universidad de Costa Rica). Hún hóf rithöfundarferil sinn í ritsmiðjum ungsállda (sp. *tertulias literarias*) og smásagnaritun hefur ætíð verið hennar helsti birtingarvettvangur. Smásögur Gutiérrez hafa meðal annars birst í safnrítinu *Relatos de mujeres: Antología de narradoras de Costa Rica* (Sögur kvenna: Safnrit kvenrithöfunda frá Kosta Ríku), sem út kom árið 1993. Sagan „La Giaconda“, sem hér er þýdd, er úr smásagnasafninu *El jardín de la osadía* (Garður dirfskunnar) sem kom út árið 1998. Í sögunni tekst uppburðarlítill kona á við kúgun og síendurtekið andlegt ofbeldi. Smásagnasafn Alejandrinu Gutiérrez, *La soledad no se ve en los espejos* (Einmanaleikinn sést ekki í speglum) kom út árið 2002. Þekktasti rithöfundur Kosta Ríku, Carmen Naranjo, hefur látið þau orð falla að í þessu safni takist Gutiérrez að gæða smásagnaformið nýju lífi.<sup>1</sup> Höfundur samtinnar háð og gagnrýni, persónulegar frásagnir og samfélagsskoðun á nýstárlegan hátt þar sem hversdagslegt tungutak tryggir ákveðna nánd lesenda við frásögnina. Víst er að í hverri sögunni á fætur annarri brosir lesandinn en meðtekur samtímis djúpstæða gagnrýni á samfélagsskipan og ekki hvað síst áhrif kaþólsku kirkjunnar á hefðbundna hlutverkaskipan karla og kvenna.

---

<sup>1</sup> *Huellas ignotas: Antología de cuentistas centroamericanas (1991-2005)*, ritstjóri Willy O. Muñoz Cadima, San José, Kosta Ríku, Ed. EUNED, 2009, bls. 309.